

Stjórnarfundur FEB nr. 510 fimmtudaginn 20. feb. 2025

kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Árni Gunnarsson, Kristinn Eiríksson, og Jón Magnússon

Fjarverandi: Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Stefanía Valgeirsdóttir, Ragnar Árnason og Bessí Jóhannsdóttir varamaður.

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

Dagskrá:

- **Fundargerð nr. 509 afgreidd og undirrituð**
- **Ályktun frá stjórn FEB varðandi mannréttindamál, fyrir aðalfund FEB 2025**
Farið var yfir tillögu stjórnar og hún aðlöguð þannig að hún næði einnig yfir beiðni frá íbúum Árskóga til stjórnar FEB sem tekin var fyrir á stjórnarfundum FEB nr. 509.
- **Tillögur að lagabreytingum og tillaga að ályktun fyrir aðalfund FEB 2025.**
Farið var yfir þær tillögur og erindi sem félaginu barst fyrir aðalfund FEB 2025, m.t.t. hvernig best væri að leggja þær fram á aðalfundi
- **Staða kvörtunar vegna fækkunar fulltrúa FEB í Öldungaráði Reykjavíkurborgar til Innviðaráðuneytisins**
- **Undirbúningur aðalfundar**
Farið yfir útstandandi framkvæmdaratriði sem klára þarf fyrir aðalfund.
- **Félagstíðindi**
Farið yfir stöðu á útgáfu Félagstíðinda (blaði FEB) sem gefa á út í mars 2025 - allt á áætlun.
- **Önnur mál**
Stjórnin samþykkti að greiða upp lánið sem hvílir á húsnæði FEB og stendur nú í tæpum 16,7 milljónum króna, þar sem félagið hefur getu til þess og handbæra féð ber lægri vexti en vextir lánsins eru.

Fundi slitið kl. 14:30

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar.

